



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Google Hangouts - 19.9.2017 kl. 18:00

Mætt:

Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Ragnar Róbertsson (RR), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Baldvin Hansson (BH)

Fjarverandi:

Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS), Garðar Þór Garðarsson (GPÞ), Einar Gunnlaugsson (EG), Torfi Arnarson (TA)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Rýnihópur AKÍS um frumvarp til nýrra umferðarlaga

Rýnihópur hefur fundað einu sinni og frum athugasemdir settar fram. Þeir sem eru í þessum hópi eru Stefán Örn Steinþórsson, Baldur Gíslason, RR, ÞA og TMB. Afar mikil óvissa er um afdrif þessa frumvarps, þar sem boðað hefur verið til kosninga á svipuðum tíma og til stóð að leggja það fram til umsagnar á vef Alþingis og fyrsta umræða á vorþingi. Lagt er að rýnihópnum að skila af sér fyrir næsta stjórnarfund, þann 3. október 2017

2. FIA NEZ fundur í Stokkhólmi 27. - 29. október 2017

FIA NEZ fundur verður í Stokkhólmi dagana 27. - 29. október 2017. RR, JBJ og ÞA stilla upp hverjir þurfa að vera fyrir hönd AKÍS á fundunum og hverjir verði fulltrúar Íslands í nefndum og ráðum NEZ.

3. Stuðningsbeiðni við framboð Jean Todt til forseta FIA

AKÍS þakkar Jean Todt fyrir góð störf og styður hann til forseta FIA til næstu fjögurra ára.

4. eRally 2018

Gerð verði drög að samning við Bergsvein Theodórsson (Sonus) um að leiða verkefnið fyrir hönd AKÍS. Þegar drögin liggja fyrir munu þau lögð fyrir stjórn AKÍS.

5. Umsóknir til Íþróttasjóðs

Umsókn í bígerð frá AÍH, BA og KK. Framkvæmdastjóra falið að athuga til hvers konar verkefna hægt er að sækja um styrk fyrir.

6. Keppnisdagtal 2018

Framkvæmdastjóri sendi drög að dagatali á formenn aðildarféлага.



7. Önnur mál

Fjarfundabúnaður frá Logitech - JBJ lýst vel á þennan búnað. Kostnaður við búnaðinn er um USD 1.100.

8. Næsti fundur

3. október 2017 @ 17:15 í fundarherbergi GSÍ